

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún. á bæjarskrifstofu Blönduóssbæjar þriðjudaginn 8. júlí 2008 kl. 11:00. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, Jón Gíslason, Valgeir Karlsson (í síma) og Arnar Þór Sævarsson.

Arnar Þór Sævarsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Fyrsta mál á dagskrá var kosning í embætti. Gerð tillaga að Adolf H. Berndsen sem formanni. Samþykkt samhljóða. Gerð tillaga að Arnar Þór Sævarsson sem ritara. Samþykkt samhljóða.

Adolf H. Berndsen tók við stjórn fundarins. Arnar Þór Sævarsson ritaði fundargerð.

Adolf H. Berndsen fór yfir þau verkefni sem byggðasamlaginu er falið samkvæmt samþykktum. Verkefnin eru m.a. Héraðsskjalasafnið á Blönduósi, Kvennaskólinn á Blönduósi, Atvinnumál í Austur Húnavatnssýslu og samningur vegna brotamálma. Arnar Þór falið að taka saman öll gögn sem varða ofangreinda málaflokka og afhenda þau á næsta fundi.

Farið var yfir iðjumál í Austur-Húnavatnssýslu. Adolf H. Berndsen gerði grein fyrir þeim verkefnum sem eru í gangi. Jóhannes Geir Sigurgeirsson hefur verið falin ákveðin verkefni og Arnari Þór falið að hafa samband við hann til fylgja málum eftir.

Ákveðið var að fá Jóhannes Geir á næsta fund til að ræða framhaldið og næstu skref í atvinnuuppbyggingu í A-Hún. Jafnframt var ákveðið að stjórnin myndi fara og skoða Héraðsskjalasafnið og Kvennaskólann í fylgd Valgarðs Hilmarssonar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.